

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hnífsdal.

74
23. júní

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 15. apríl þ. á., hefir hingað borist uppdráttur af fyrirhugaðri verslunarlóð í Hnífsdal, sem með lögum nr. 69 frá 22. nóvbr. 1907 varð löggiltur verslunarstaður, og hafið þjer skýrt frá því, að sýslunefnd Norðurlisafjarðarsýslu hafi mælt með því, að verslunarsvæðið verði ákveðið eins og uppdrátturinn sýnir.

Útaf þessu eru hjer með samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Hnífsdal, sett eftir framannefndum uppdrætti, svo sem hjer segir:

Að norðan bein lína úr Heimabæjarvör í Lambhúshól, að austan Rauðilækur, svo áin að Hreggnasabrekku og síðan Hreggnasabrekka suður í Stekkjarlæk, að sunnan Stekkjarlækur og að vestan sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar og leggja fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja upp og haldi við á hreppsjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi, skal þess getið til leiðbeiningar síðar meir, að auk uppdráttarins af verslunarlóðinni verður að senda hingað skýrslu um takmörk lóðarinnar.

Auglýsing

75
11. júlí.

um fyrirmynd fyrir reglugjörðir handa barnaskólum.

Samkvæmt fyrirraelum laga nr. 59 frá 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, sjá 21. gr. 1. laganna, hefir með ráði umsjónarmanns fræðslumálanna verið samin og sett fyrirmynd sú fyrir slikri reglugjörð, sem hjer fer á eftir.
þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.